

22. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþróum í dreifbýli skal húseigandi greiða útlagðan kostnað bæjarins vegna verksins. Gjald má aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Gjald þetta er sett í gjaldskrá skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldskrá er birt í B-deild Stjórnartíðinda.

23. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 37/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekju-lítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

24. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

25. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti- og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um fráveitur í Fjarðabyggð nr. 138/2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur allra húseigna sem ekki tengjast fullnægjandi rotþróum og liggja utan fráveitukerfa bæjarins við setningu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla ákvæði hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna bifreiðastöður á norðurkanti Soga-vegar, milli Réttarholtsvegar og Grensásvegar.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. desember 2003.

Böðvar Bragason.